



Lokaverkefni til B.A. -prófs í íslensku

Pokémonar eða Pokémons?

Fleirtölumyndun 5 – 6 ára barna af enskum aðkomuorðum

Þorbjörg Saga Ásgeirsdóttir

Leiðbeinandi: Sigríður Sigurjónsdóttir
Janúar 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

Pokémonar eða Pokémons?

Fleirtölumyndun 5 – 6 ára barna af enskum aðkomuorðum

Ritgerð til B.A.-prófs

Þorbjörg Saga Ásgeirsdóttir

Kt.: 110498-2689

Leiðbeinandi: Sigríður Sigurjónsdóttir

Janúar 2021

Ágrip

Ritgerð þessi er lögð fram til B.A. -prófs í íslensku. Markmið ritgerðarinnar er að kanna hvernig ung börn á máltökuskeiði mynda fleirtölu af enskum tökuorðum. Nú til dags er mikið enskuáreiti í kringum börn sem sækja sér afþreyingu í tækninýjungar eins og snjalltæki og spjaldtölvur. Í gegnum þessi tæki horfa þau á efni á netinu á erlendum efnisveitum og spila tölvuleiki. Mikið af þessu efni er á ensku og ótextað. Ein aðferð til að kanna áhrif ensks máláreitis eða ílags (e. *input*) á málkunnáttu íslenskra barna er að skoða hvernig þau mynda fleirtölu af enskum orðum sem þau þekkja, t.d. úr barnaefni sem þau horfa á og úr tölvuleikjum. Samið var fleirtölupróf að fyrirmynd Indriða Gíslasonar o.fl. (1986) þar sem þátttakendur í könnuninni, 18 börn á aldrinum 5;6 – 6;5 auk eins 11 ára barns og 13 ára unglings, skoðuðu myndir af þeim ensku aðkomuorðum eða tökuorðum sem prófuð voru. Niðurstöður benda til þess að börn á aldrinum 5;6 – 6;5 ára myndi ekki fleirtölu af enskum tökuorðum með enskum fleirtöluendingum heldur noti frekar íslenskar eintöluendingar eða endurtaka eintölu mynd orðsins. Þrátt fyrir að stórmikill hluti hafi endurtekið eintölu myndina gefur könnunin einhverja hugmynd um það hvernig börn á þessum aldri mynda fleirtölu af enskum tökuorðum.

Til samanburðar við niðurstöður þessarar litlu könnunar var unnið úr gögnum úr fleirtölurannsókn barnahluta öndvegisverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* sem stóð yfir á árunum 2016 – 2019, verkefnastjórar eru Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. Í þeirri rannsókn voru börn á aldrinum 3 – 12 ára sem tóku þátt en einungis er unnið með gögn frá börnum sem eru 5 – 6 ára í þessari ritgerð. Það voru 22 börn á þeim aldri sem tóku þátt og af þeim voru 10 strákar og 12 stelpur. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru nokkuð svipaðar litlu könnuninni sem unnin var fyrir ritgerðina. Börnin mynduðu frekar fleirtölu af enskum tökuorðum með íslenskum fleirtöluendingum en með enskum fleirtöluendingum. Af þeim niðurstöðum má áætla að börn séu að nota reglur sem gilda um íslenska fleirtölu myndun til að aðlaga ensk tökuorð að íslensku og þær reglur virðast vera þeim mjög tamar. Það verður að teljast jákvætt fyrir íslenska tungu þar sem aukið stafrænt enskt máláreiti virðist ekki hafa mikil áhrif á fleirtölu myndun íslenskra barna á þessum aldri af enskum tökuorðum enn sem komið er þar sem börnin skeyta frekar íslenskum fleirtöluendingum á þessi ensku orð heldur en enskum fleirtöluendingum.

Formáli

Eftir að ég tók áfangann ÍSL508G *Máltaka barna* sem Sigríður Sigurjónsdóttir kennir þá vissi ég strax að ég vildi skrifa lokaritgerð um eitthvað tengt máltöku barna. Ég ákvað að senda Sigríði tölvupóst til að athuga hvort hún vildi vera leiðbeinandi minn í lokaritgerðinni og ég er henni þakklát fyrir að samþykkja það. Eftir fyrsta fundinn með henni var efni ritgerðarinnar orðið nokkuð ljóst og þar sem ég vinn á leikskóla þá fannst mér tilvalið að gera litla könnun á elstu börnunum þar. Ég vil þakka yfirmanni mínum á leikskólanum þar sem ég starfa og foreldrum barnanna fyrir að leyfa mér að leggja könnunina fyrir börnin. Jafnframt vil ég þakka öðru starfsfólki á leikskólanum þar sem það hjálpaði mér meðal annars að dreifa leyfisbréfum til foreldra barnanna sem tóku þátt. Að lokum vil ég þakka Dagnýju Baldvinsdóttur, frænku minni og kennara í Laugarnesskóla og Ingibjörgu Daníelsdóttur, nágrannakonu og fyrrum íslenskukennara, fyrir að lesa yfir ritgerðina og gefa mér góð ráð varðandi hana.

Efnisyfirlit

Ágrip

Formáli

Efnisyfirlit.....	3
1. Inngangur	4
2. Máltökuskeið	6
3. Fleirtölumyndun barna	8
3.1 Sterk beyging.....	8
3.2 Veik beyging	9
3.3 Ensk fleirtala	9
3.4 Fleirtölurannsóknir	10
4. Málsambýli íslensku og ensku	14
4.1 Stafrænt málsambýli íslensku og ensku	14
4.2 Ensk tökuorð	18
5. Fleirtölurannsókn	19
5.1 Könnunin	19
5.2 Aðferðarfræði	20
5.3 Niðurstöður.....	21
5.4 Fleirtölurannsókn: <i>Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis</i>	25
5.5 Samantekt	26
6. Lokaorð	29
Heimildarskrá	31

1. Inngangur

Börn á máltökuskeiði eru mjög fljót að ná valdi á móðurmáli sínu og þau sjúga í sig málfræði og orðaforða móðurmálsins á þessu skeiði. Það er því mjög mikilvægt að ung börn fái gott máláreiti til að þau geti byggt upp málkerfið sitt og verði góðir málnotendur í framtíðinni. Nú á tímum mikilla alþjóðasamskipta og tæknivæðingar er staða íslenskrar tungu áhyggjuefni (Eiríkur Rögnvaldsson, 2016, bls. 17). Ung börn allt niður í nokkurra mánaða nota snjalltæki og spjaldtölvur og þar sem enskan er allsráðandi á netinu og á erlendum efnisveitum getur snjalltækjanotkun barna haft það í för með sér að þau fá ekki nægilegt íslenskt máláreiti eða ílag (e. *input*) á máltökuskeiði (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016). Að nokkru leiti er því hægt að setja samasem merki á milli stafræns ílags og ensks ílags (Ólöf Björk Sigurðardóttir, 2020, bls. 94). Eins og staðan er í dag þá er ekki nóg til af íslensku efni inni á netinu og þeim efnisveitum sem börnin horfa á í gegnum snjalltæki. Það er því áhugavert að skoða hvort íslenskan standi höllum fæti gagnvart ensku og hvort stafrænt enskt ílag barna og unglunga geti verið ein ástæða þess (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018b, bls. 47).

Umfangsmikið öndvegisverkefni sem unnið var á árunum 2016 – 2019 og nefnist *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* rannsakaði stöðu íslenskunnar á dögum náins sambýlis við alþjóðatunguna ensku. Verkefnastjórar voru Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. Meginmarkmið verkefnisins var að rannsaka stafrænt málsambýli íslensku og ensku og greina afleiðingar þess fyrir íslenska tungu. Reynt var að komast að því hversu mikið mállegt ílag málnotendur fá á bæði íslensku og ensku. Einnig var viðhorf málnotenda kannað bæði gagnvart íslensku og ensku. Svo var skoðað hvort að aukin enskunotkun valdi breytingum á íslenskri tungu eða geri það að verkum að hraða málbreytingum (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018c, bls. 1). Byrjað var á því að semja stóra netkönnun sem fjallaði meðal annars um það að skoða snjalltækjanotkun ungra barna og viðhorf þeirra til ensku. Netkönnunin var send út til 5000 manns á aldrinum 3 – 98 ára. Fyrir 12 ára og yngri voru samdar fjórar mismunandi kannanir en þeir sem voru 13 ára og eldri svöruðu sömu könnuninni. Svarhlutfall 13 ára og eldri var 41% en 50% hjá 12 ára og yngri (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018c, bls. 4). Einnig voru tekin viðtöl við 240 þátttakendur í netkönnuninni þar sem sömu viðfangsefni voru skoðuð enn betur. Rannsóknunum er lokið en enn er verið að vinna úr gögnum verkefnisins. Margar M.A.- og nokkrar B.A.- ritgerðir

hafa verið skrifaðar um niðurstöður þessa viðamikla rannsóknarverkefnis og ritgerðin sem hér um ræðir notast m.a. við gögn úr téðri rannsókn.

Í þessari ritgerð er skoðað hvernig 18 íslensk börn á aldrinum 5 – 6 ára mynda fleirtölu af enskum tökuorðum. Fyrirmynd fleirtöluprófsins sem samið var fyrir þess könnun og lagt fyrir börnin var fleirtölupróf Indriði Gíslasonar, Jóns Gunnarsonar og Ásgeirs S. Björnssonar en þeir stóðu að viðamikilli fleirtölurannsókn á árunum 1980 – 1983. Þeir könnuðu framburð og myndun fleirtölu 200 íslenskra barna fyrst við fjöggra ára aldur og svo aftur við sex ára aldur (Indriði Gíslason o.fl. 1986, bls. v – vii). Fleirtölukönnunin sem samin var fyrir þessa ritgerð var byggð upp eins og rannsókn Indriða og félaga en í stað þess að prófa eingöngu íslensk orð voru aðallega prófuð tökuorð úr ensku sem börnin ættu að þekkja, til að mynda úr barnaefni á netinu og á erlendum efnisveitum og úr tölvuleikjum. Prófuð voru nokkur orð sem einnig voru prófuð í fleirtöluprófi sem unnið var á vegum öndvegisverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*. Öll orðin í könnuninni voru aðkomuorð úr ensku og því er áhugavert að sjá hvort börnin noti enskar eða íslenskar fleirtöluendingar þegar þau mynda af þeim fleirtölu. Ef börnin nota frekar enskar fleirtöluendingar þá gæti það mögulega þýtt að þau fái mikið enskt máláreiti. Ef börnin nota hins vegar frekar íslenskar fleirtöluendingar á þessi ensku orð gæti það bent til þess að íslenskar reglur um myndun fleirtölu séu þeim mjög nærtækar og ríkjandi í huga þeirra, sem þýðir þá einnig að þau fái nægilegt íslenskt máláreiti til þess að gera það.

Efni ritgerðarinnar skiptist í sex kafla. Í öðrum kafla er máltökuskeið barna tekið fyrir almennt og í stuttu máli fjallað um hvernig máltaka barna gengur fyrir sig. Í þriðja kafla er fleirtölumyndun barna skoðuð og bæði fjallað um myndun fleirtölu í íslensku og ensku. Einnig er stuttlega fjallað um fleirtölurannsóknir Jean Berko (1958) og Indriða Gíslasonar og félaga (1986). Í fjórða kafla er öndvegisverkefnið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* til umfjöllunar og niðurstöður úr netkönnun barnahluta þeirrar rannsóknar raktar út frá snjalltækjanotkun og ensku máláreiti ungra barna í dag. Í lok kaflans er svo stuttlega fjallað um ensk tökuorð. Fimmti kafla lýsir aðalviðfangsefni ritgerðarinnar, þ.e. fleirtölukönnun sem 18 börn á aldrinum 5 – 6 ára tóku þátt í. Kaflinn skiptist í fimm undirkafla þar sem fjallað er um niðurstöður hennar og einnig um sambærilega en miklu viðameiri fleirtölurannsókn sem gerð var innan rannsóknarverkefnisins, *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*. Niðurstöður þeirrar rannsóknar verða skoðaðar og bornar saman við niðurstöður litlu

könnunarinnar. Í sjötta og síðasta kafla er að lokum finna samantekt á efni ritgerðarinnar og lokaorð.

2. Máltökuskeið

Lítil börn eru fljót að ná valdi á móðurmáli sínu og um sex ára aldur eru flest börn orðin nokkurn veginn altalandi þótt þau eigi enn eftir að læra óreglulegar beygingar og önnur ófyrirsegjanlega atriði í móðurmáli sínu. Tungumálið er flóki táknerfi sem inniheldur margar málfræðireglur og því er ótrúlegt að börn skuli ná valdi á málinu á svona stuttum tíma (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2019, bls. 48–49). Málfræðingurinn Noam Chomsky (1966) setti fram þá kenningu að málhæfileiki manna væri líffræðilega skilyrt sérkenni manna. Hann væri meðfæddur og ýmsar síðari athuganir, t.d. erfðafraeðingar á svokölluðu FOXP2-geni, benda til að þessi kenning Chomskys og málkunnáttufræðinga eigi rök við að styðjast (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2013, bls. 107 og 119). En málhæfileiki manna er ekki aðeins háður líffræðilegum forsendum heldur er hann einnig háður málumhverfinu. Til þess að barn geti tekið móðurmál sitt og byggt upp málkerfi sitt þarf það að eiga í gagnvirkum samskiptum við fólk á móðurmáli sínu á máltökuskeiði. Rannsóknir máltökufraeðinga hafa sýnt fram á að samskipti við annað fólk sem talar móðurmál barnsins stuðla að auknum málþroska þess og það hversu góður málnotandi barnið verður er háð málumhverfi þess (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2019, bls. 53–54). Íslensk börn þurfa að heyra nægilega mikla íslensku á máltökuskeiðinu til að verða góðir íslenskir málhafar. Afleiðingar þess að börn heyri ekki nógu mikla íslensku á máltökuskeiðinu geta verið þær að íslenskt ílag dugi ekki til þess að komi sér upp sterku íslensku málkerfi og málkennd. Ef þau hins vegar fá nægilegt íslenskt ílag þá tryggir það stöðu íslenskunnar, þar sem að börnin eru málhafar framtíðarinnar (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018b, bls. 47–49). Nánar verður fjallað um stöðu íslenskunnar út frá málumhverfi ungra barna í 4. kafla.

En hvað er máltökuskeið? Máltökuskeið er það tímabil sem börn eru hvað næmest fyrir móðurmáli sínu. Það er nú til dags yfirleitt talið ná yfir tímabilið frá því að fóstrið byrjar að heyra í móðurkviði og fram að kynþroska. Á máltökuskeiðinu sýgur barn ósjálfrátt í sig allar þær málfræðireglur sem koma fyrir í móðurmáli þess hvort sem þær tengjast setningagerð, beygingum eða framburði. Til að börn nái valdi á málfræðireglum móðurmálsins þarf máltakan því að eiga sér stað í æsku til þess að hægt sé að ná valdi á reglum málsins. Börn læra einnig

grunnorðaförða málsins í æsku en menn læra ný orð alla ævi og bæta stöðugt við orðaförða sinn. Næmni barna fyrir móðurmálinu helst þó ekki sú sama út allt máltökuskeiðið. Rannsóknir benda til að vissir þættir málkerfisins lokist fyrir en aðrir. Sem dæmi um má nefna að hljóðkerfið virðist lokast fyrst eða um sex til níu ára aldur. Það er því nauðsynlegt að máltakan eigi sér stað fyrir þann aldur til að hægt sé að ná fullum tókum á framburði málsins (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2019, bls. 51 – 52).

Máltaka barna er reglubundið og stigbundið ferli og er á vissan hátt fyrirsjáanlegt. Börn með eðlilegan málþroska fara mjög svipaða leið í gegnum máltökuna þar sem viss frávik frá máli fullorðinna einkenna mál þeirra á hverju málþroskastigi. Um allan heim feta börn svipaða slóð þegar þau eru að ná valdi á móðurmáli sínu. Frávik barna í máltökunni eru oft þau sömu eða svipuð þar sem hvert stig í máltökunni lýtur sínum eigin reglum og þegar barnið hefur náð tókum á vissri reglu færast það yfir á næsta stig málþroskans. Þannig byggir barnið upp málkerfi sitt stig af stigi og málkerfi þess líkist stöðugt meir málkerfi fullorðinna. Börn á máltökuskeiði um allan heim alhæfa virkustu og algengustu reglur móðurmálsins og vegna þess að þau alhæfa algengustu reglurnar þá koma fram frávik í máli þeirra frá máli fullorðinna m.a. í framburði, beygingu og setningargerð (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2008 bls. 35 – 37). Í þessari ritgerð verður hins vegar ekki farið ítarlega í þau mál, heldur einungis gefin nokkur dæmi um algeng frávik sem snúa að meginviðfangsefni ritgerðarinnar. Íslenska er beygingarmál sem inniheldur margar beygingarreglur sem hvorki eru allar jafn algengar né reglulegar. Það er því eðlilegt að börn alhæfi virkustu og algengustu beygingarreglurnar. Sem dæmi má nefna að fleirtölumyndir íslenskra barna á ákveðnu stigi fái endinguna *-ar* þar sem þetta er reglulegasta og algengasta fleirtöluendingin í íslensku. Stærsti flokkur sterkra karlkynsnafnorða og einnig fyrsti flokkur sterkra kvenkynsnafnorða eru með þessa fleirtöluendingu. Annar flokkur veikra kvenkynsorða fær endinguna og einnig er algengast að veik karlkynsorð fái þessa endingu í fleirtölu (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 221–222). Orðið *bók* er þá í fleirtölu *bókar* og orðið *maður*, *maðar* í fleirtölu. (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2008, bls. 38–39).

3. Fleirtölumyndun barna

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar er að skoða fleirtölumyndun barna af enskum tökuorðum. Í þessum kafla verður því fjallað bæði um það hvernig íslensk og ensk fleirtala er mynduð. Í íslensku er nafnorðum skipt eftir því hvort að þau beygjast veikt eða sterkt og fer það eftir fallendingum orðanna hvorum floknum þau tilheyra. Veik nafnorð enda á sérhljóða í öllum föllum eintölu eins og orðið *hani*. Sterk nafnorð enda á samhljóða í eignarfalli eintölu, eins og orðið *barn* (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 221). Nafnorðum er síðan skipt í beygingarflokka eftir endingum í kenniföllum. Ef við þekkjum kyn nafnorðs og kennifall þess þá getum við í flestum tilvikum beygt orðið rétt. Kenniföllin eru nefnifall eintölu, eignarfall eintölu og nefnifall fleirtölu. Nafnorðum er svo skipt í nokkra mismunandi beygingarflokka eftir endingum kennifallanna, þá helst eignarfalls eintölu og nefnifalls fleirtölu (Höskuldur Þráinsson, 2006, bls. 200–201). Hér verður stuttlega fjallað um beygingarflokka nafnorða með tilliti til fleirtöluendinga.

3.1 Sterk beyging

Sterk beyging karlkynsnafnorða skiptist í fjóra flokka. Fyrstu þrjú flokkarnir eru reglulegir og algengustu fleirtöluendingarnar eru *-ar* eða *-ir* í nefnifalli fleirtölu. Fyrsti flokkurinn fær endinguna *-ar* og annar og þriðji flokkur fá endinguna *-ir* í nefnifalli fleirtölu. Sem dæmi má nefna orð eins og *strákur* sem í fleirtölu er *strákar* og orðið *bekkur* sem í fleirtölu er *bekkir* (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 222). Fjórði og síðasti flokkurinn er óreglulegur og þar má nefna orð eins og *bróðir* sem í fleirtölu er *bræður* eða *maður* sem er í fleirtölu *menn* og *skór* þar sem fleirtalan er alveg eins og eintalan eða *skór* (Höskuldur Þráinsson, 2006, bls. 201).

Sterk kvenkynsorð skiptast í þrjú beygingarflokka. Fyrsti flokkurinn hefur fleirtöluendinguna *-ar*, eins og orðið *nál* sem er í fleirtölu *nálar*. Annar flokkurinn fær endinguna *-ir* og þar má nefna orð eins og *mynd* sem hefur fleirtöluna *myndir*. Þriðji flokkurinn hefur endinguna *-ur* eins og orðið *önd* sem er *endur* í fleirtölu (Guðrún Kvaran, 2005 bls. 222). Í sumum orðum þarf að beita tveimur aðgerðum við fleirtölumyndun, annars vegar að breyta stofni orðsins og hins vegar að bæta við viðeigandi endingu í fleirtölu. Orð eins og *sög* er dæmi um orð þar sem beita þarf tveimur aðgerðum, en í fleirtölu breytist stofnsérhljóð orðsins og orðið fær endinguna *-ir* í fleirtölu, þ.e. *sagir*. Orðin *mús* og *lús* tilheyra þriðja flokki sterkra

kvenkynsnafnorða en þessi orð hafa óreglulega beygingu. Fleirtölumyndir orðanna eru *mýs* og *lýs* (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 238).

Sterk beygð hvorugkynsnafnorð falla öll í einn og sama beygingarflokkinn. Þau eru öll endingarlaus og eru oftast samhljóða eintölunni. Sem dæmi má nefna orð eins og *borð*, sem í fleirtölu er *borð* (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 222). Það þarf því ekki að beita neinni aðgerð í þeim orðum þar sem þau eru eins og eintalan. Í sumum sterkum hvorugkynsorðum þarf að beita einni aðgerð til að fá fram fleirtöluna. Stofnsérhljóðið í orðinu hljóðverpist í fleirtölu. Þar má nefna orð eins og *glas*, sem er í fleirtölu *glös* (Indriði Gíslason o.fl., 1986, bls. 112).

3.2 Veik beyging

Veik karlkynsorð fá flest öll fleirtöluendinguna *-ar* en þó fá sum endinguna *-ur* og því skiptast þau í tvo beygingarflokka. Kvenkynsorðunum er einnig skipt í tvo flokka. Fyrsti flokkur hefur endinguna *-ur* og annar flokkur endingarnar *-ar* og *-ir* (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 223).

Algengasta fleirtöluending veikra kvenkynsorða er endingin *-ar*. Veik kvenkynsorð sem enda á *-i* fá endinguna *-ar* eða *-ir*. Þau orð eru fágæt en nefna má sem dæmi orðið *lygi* sem er í fleirtölu *lygar* (Indriði Gíslason o.fl., 1986, bls. 115). Hvorugkynsorð með veika beygingu eru ekki mörg og þau falla öll í einn flokk, flest orðin eru heiti á líffærum. Fleirtöluendingin þar er *-u*, og má nefna orðið *auga* sem er í fleirtölu *augu*. (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 223).

Af þessari umfjöllun má ráða að fleirtöluendingar í íslensku eru margar og fleirtölubeyging nafnorða er ekki alltaf regluleg. Því er eðlilegt að barn á máltökuskeiði noti algengustu og reglulegustu fleirtöluendingarnar á orð sem eru beygjast óreglulega. Í sterkri beygingu, þá sérstaklega í karlkyni og kvenkyni, eru mörg orð sem taka óreglulegri beygingu. Til dæmis má nefna orðið *fótur*, sem ungu barni myndi þá finnast eðlilegast að mynda fleirtöluna tveir *fótar* í stað þess að segja tveir *fætur* (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 184). Þetta dæmi sýnir að börn sem eru að ganga í gegnum hefðbundna máltöku alhæfa gjarnan virkustu og algengustu beygingarreglur málsins.

3.3 Ensk fleirtala

Enska er ekki eins mikið beygingarmál og íslenska og beygingarkerfið í ensku er tiltölulega einfalt (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 25). Ensk fleirtölu myndun er því öðruvísi en íslensk fleirtölu myndun, til dæmis að því leyti að ensk orð beygjast ekki eftir kynjum. Í ensku er ekki

málfræðilegt kyn og nafnorðin flokkast því ekki eftir kyni eins og í íslensku. Reglur sem gilda um kyn í ensku eru þær að þegar talað er um manneskju sem er karlkyns þá er það flokkað sem karlkyn, þegar talað er um manneskju sem er kvenkyns þá er orðið flokkað sem kvenkyn en önnur nafnorð, sem vísa ekki í manneskjur, eru í hvorugkyni og eru því hlutlaus hvað varðar kyn (Comrie, 1999, bls. 459).

Í stuttu máli þá bætist fleirtöluendingin *-s* aftan við orð þegar það stendur í fleirtölu í ensku, sem dæmi má nefna orðið *book*, sem er í fleirtölu *books* og orðið *girl* sem er í fleirtölu *girls*. Þessi regla gildir um fleirtölumyndun flestra nafnorða í ensku, en hljóðin sem nafnorð enda á í eintölu skipta þó máli þegar kemur að endingunni í fleirtölu. Orð sem enda á hljóðunum *-j*, *-ch*, *-sh*, *-ss*, *-x*, *-s*, *-z* sem hljóma eins og *-s*, fá endinguna *-es*, sem dæmi má nefna orð eins og *witch* (ísl. norn) sem er í fleirtölu, *witches*, *box* (ísl. kassi) sem er í fleirtölu *boxes* og *bus* (ísl. strætisvagn) sem er í fleirtölu *buses*. Orð sem enda á sérhljóði og *-y*, eins og orðið *boy*, fá *-s* endingu í fleirtölu, *boys*. Hins vegar fá orð sem enda á samhljóða og *-y*, endinguna *-ies*, eins og orðið *baby* (ísl. barn) sem er í fleirtölu *babies*. Mörg orð sem enda á *-o* í eintölu fá endinguna *-es* eins og orðið *potato* (ísl. kartafla) sem er *potatoes* í fleirtölu. Sum orð sem enda á *-o* brjóta þó þessa reglu og taka bara *-s* endingu í fleirtölu, sem dæmi má nefna orðið *piano* (ísl. píanó), sem er í fleirtölu *pianos*. Svo eru sum orð sem enda á *-o* sem geta bæði endað á *-os* eða *-oes*, orð eins og *buffalo* (ísl. vísundur) sem getur verið *buffalos* eða *buffaloes* í fleirtölu. Orð sem enda á *-f* fá venjulega *-es* endingu í fleirtölu en *-f* breytist í *-v*, eins og orðið *knife* (ísl. hnífur) sem er *knives* í fleirtölu og orðið *leaf* (ísl. lauf) sem er *leaves* í fleirtölu (Jing o.fl., 2006, bls. 132–134).

Hér lýkur stuttu yfirliti yfir myndun reglulegrar fleirtölu í ensku en til eru nokkur orð sem beygjast óreglulega og þarf því að læra þau utan bókar. Nokkur dæmi um orð sem hafa óreglulega fleirtölu eru: *Fish* (ísl. fiskur) sem er *fish* í fleirtölu, *sheep* (ísl. kind) sem er *sheep* í fleirtölu, *foot* (ísl. fótur) sem er *feet* í fleirtölu, *child* (ísl. barn) sem er *children* í fleirtölu og *man* (ísl. maður) sem er *men* í fleirtölu (Jing o.fl., 2006, bls. 134).

3.4 Fleirtölurannsóknir

Það er erfitt að átta sig á því hvernig börn fara að því að ná tökum á fjöldanum öllum af reglum í móðurmálinu eingöngu með því að hlusta á og eiga gagnvirk samskipti við annað fólk á móðurmáli sínu. En hvernig vitum við hvort börn séu búin að ná valdi á þeim reglum sem gilda

um fleirtölumyndun fullorðinna, eins og fleirtöluendingunum? Til að komast að því eru gerðar rannsóknir á málkunnáttu barna.

Jean Berko (1958) gerði rannsókn á fleirtölumyndun enskumælandi barna sem var brautryðjenda rannsókn í fræðunum. Rannsóknin gekk út á það að sýna börnunum myndir af bæði alvöru orðum (svokölluð raunorð) og af tilbúnum orðum eða svokölluðum bullorðum. Til dæmis var eitt bullorðið *wug*, eins og sjá má á mynd 1. Þar var börnunum fyrst sýnd mynd af einni fígúru og þeim gefið heitið á henni sem í þessu tilfelli var *wug*. Því næst fengu þau að sjá mynd af tveimur af þessum fígúrum og áttu að mynda fleirtölu út frá þessu bullorði. Ef börnin gátu notað *-s* regluna á bullorðið *wug* þá var nokkuð augljóst að þau væru búin að ná tökum á þessari reglu um fleirtölumyndun í ensku (O'Grady, 2005, bls. 19).




Mynd 1

Berko gerði rannsóknina á tveimur hópum barna. Annars vegar á aldrinum 4 – 5 ára og hins vegar á börnum í fyrsta bekk grunnskóla eða á aldrinum 5;6 – 7 ára. Niðurstöðurnar voru þær að flest börnin í báðum aldurshópnum mynduðu oftast rétta fleirtölu út frá bullorðum sem fengu fleirtöluendinguna *-s*, til dæmis var hlutfall réttra svara í orðinu *wug* 76% hjá yngri aldurshópnum en 97% hjá eldri aldurshópnum. Börnunum gekk því vel að mynda fleirtölu af orðum sem fengu fleirtölumyndina *-s* í máli fullorðinna, en þegar kom að fleirtöluendingunni *-es*

þá gekk þeim ekki eins vel. Eins og kom fram í kafla 3.3 hér á undan fá orð sem enda á hljóðunum *-j*, *-ch*, *-sh*, *-ss*, *-x*, *-s* eða *-z* fleirtöluendinguna *-es* og börnunum í báðum aldursþópunum gekk einungis vel að mynda *-es* fleirtölu af raunorðum, þ.e. orðum sem eru til í málinu og þau könnuðust við, eins og orðið *glass*. Þessari endingu skeyttu þau hins vegar ekki á bullorðin (O'Grady, 2005, bls. 20–21).

Indriði Gíslason, Jón Gunnarsson og Ásgeir S. Björnsson könnuðu framburð og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur á árunum 1980 til 1983 (Indriði Gíslason o.fl. 1986, bls. v). Þessi rannsókn hefur verið fyrirmynd að mörgum íslenskum rannsóknum á fleirtölumyndun barna og oft er vitnað til hennar í greinum og víðar sem tengjast máltöku barna. Það er því ekki hægt að sleppa því að fjalla um hana og niðurstöður hennar en þessi rannsókn var einnig fyrirmynd könnunarinnar sem samin var fyrir þessa ritgerð en fjallað verður nánar um aðferðarfræði könnunarinnar í 5. kafla.

Rannsókn Indriða og féлага var mjög viðamikil og aldrei áður hafði verið gerð nein svipuð rannsókn á Íslandi. Þess vegna þurfti að leita erlendra fyrirmynda (Indriði Gíslason o.fl., 1986, bls. 3). Fleirtölupróf Jean Berko (1958) varð fyrirmyndin að fleirtöluprófi þeirra féлага. Samt sem áður varð íslenska prófið að mörgu leyti ólíkt prófi Berko, til að mynda var helmingur orðanna raunorð en Berko notaðist að lang mestu leyti við tilbúin orð, þ.e. bullorð (Indriði Gíslason o.fl., 1986, bls. 108–109). Berko notaði bullorð til að sjá hvaða reglur um fleirtölumyndun börnin kynnu. Ef um raunorð væri að ræða þá gæti barnið verið búið að læra fleirtölumyndun orðsins utan að án þess að kunna fleirtöluregluna. Bullorð sem barn hefur aldrei heyrt áður gæfi hins vegar skýra mynd af því hvaða reglur það kann (Berko, 1958, bls. 150). Á mynd 2 má sjá dæmi um raunorð og bullorð sem notuð voru í íslensku fleirtölprófinu og eins og sést þegar mynd 1 er borin saman við mynd 2 má sjá að uppsetningin er svipuð og í prófi Berko.



Mynd 2

Markmiðið með þessu fleirtöluprófi var ekki einungis að skoða hvort og hvenær börnin beittu málfraðilegum reglum við fleirtölumyndun heldur einnig að kanna stöðu beygingarflokka nafnorða í íslensku. Vonast var til að prófið gæti gefið upplýsingar um hvaða beygingarflokkar nafnorða eru algengastir í máli íslenskra barnanna en það gæti gefið vísbendingu um hversu sterka stöðu sumir beygingarflokkarnir hefðu (Indriði Gíslason o.fl., 1986, bls. 111). Við samningu prófsins þá var reynt að finna raunorð sem tilheyrðu öllum beygingarflokkum í öllum kynjum og einnig bullorð sem gætu passað inn í alla flokkana. Gefin var vísbending um kyn orðanna vegna þess að beyging nafnorða er mismunandi eftir kynjum en þannig er það hins vegar ekki í ensku eins og kom fram í köflum 3.1 – 3.3 (Indriði Gíslason o.fl., 1986, bls. 108).

Prófuð voru 200 börn tvisvar, fyrst þegar þau voru 4 ára og svo næst þegar þau voru 6 ára til að skoða þannig þróun á fleirtölumyndun (Indriði Gíslason o.fl., 1986, bls. 19). Áhugavert er að skoða niðurstöður prófsins þar sem aldurshóparnir tveir eru bornir saman. Hér verður þó ekki gerð grein fyrir þeim en í stuttu máli má segja þegar börnin voru sex ára þá voru þau í flestum tilvikum með það á hreinu hvaða reglur gilda við fleirtölumyndun raunorða en samt sem áður virtist stundum vefjast fyrir þeim að beita reglum „rétt“ á bullorðin. Það er þó varla hægt að telja það óvenjulegt þar sem margar reglur gilda við fleirtölumyndun í íslensku og því þarf margt að læra utan að líkt og óreglulegar beygingar orða eins og *mús/mýs* og *fótur/fætur* (Indriði Gíslason o.fl., 1986, bls. 140–141).

4. Málsambýli íslensku og ensku

4.1 Stafrænt málsambýli íslensku og ensku

Rannsóknir á máli barna eru mikilvægar til að skilja betur tungumálið og reglur þess en þær geta einnig verið nauðsynlegar til að skoða stöðu tungumála. Eins og dregið var á í lok 1. kafla þá hafa sumir áhyggjur af því að íslensk tunga eigi í vök að verjast gegn ágangi enskunnar. Rétt er samt að nefna að mjög skiptar skoðanir eru á þessu máli. Ein ástæða þess að tungan eigi undir högg að sækja og framtíð hennar sé mögulega ógnað er að börn á máltökuskeiði fái ekki nægilegt íslenskt máláreiti vegna aukin ensks ílags í málumhverfi þeirra (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016). Miklar samfélags- og tæknibreytingar hafa átt sér stað á Íslandi eins og annars staðar síðasta áratug eða svo og þær breytingar hafa mögulega veikt stöðu íslenskunnar (Eiríkur Rögnvaldsson, 2016, bls. 17 – 18).

Nýlegar tækniframfarir gera það að verkum að umhverfi og aðstæður íslenskunnar hafa breyst á undanförunum árum. Til dæmis hefur enskt máláreiti aukist í málumhverfi barna á máltökuskeiði og það getur verið áhyggjuefni vegna þess að það eru þau sem eiga að skila tungumálinu áfram til næstu kynslóðar (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2019, bls. 47 – 48). Ef þau fá ekki nægilegt íslenskt máláreiti þá getur það til að mynda haft í för með sér hraðari breytingar á íslenskunni (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018b, bls. 49). Það er hins vegar enn erfitt að segja til um hver áhrif aukins ensks máláreitis í málumhverfi íslenskra barna eru, hvort þau eru mikil eða lítil og hvað þau hafa í för með sér fyrir íslenskuna. Það er því mikilvægt að rannsaka áhrifin sem fylgja þessum breytingunum en það var einmitt meginmarkmið öndvegisverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* sem hlaut þriggja ára öndvegisstyrk frá Rannsóknasjóði Íslands árin 2016 – 2019 sem Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson stýrðu. Í stuttu máli var markmið rannsóknarinnar að afla upplýsinga um enskunotkun og enskt máláreiti á Íslandi og einnig að kanna hvort komin væru fram máltilbrigði eða málbreytingar sem tengjast nánú sambýli íslensku við ensku á stafrænni öld samtímans. Kannað var hvort aukin enskunotkun hafi haft áhrif á orðaforða og málfræði íslenskunnar, m.a. beygingar, setningagerð og framburð íslenskunnar. Einnig var athugað hvort notkunarsvið íslenskunnar hefði skerst, til dæmis þannig að í vissum tilfellum kjósi fólk frekar að nota ensku í stað íslensku til að eiga samskipti við landa sína, þótt í sumum tilvikum, eins og við talstýringu tækja verði Íslendingar að nota ensku þar sem íslenska er ekki í boði (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018c, bls. 2-3). Fleirtöluönnunin sem

unnin var fyrir þessa ritgerð og gerð verður grein fyrir í köflum 5.1 – 5.3 er meðal annars unnin innan þessa rannsóknarverkefnis og niðurstöður könnunarinnar verða bornar saman við óbirt gögn úr þessu viðamikla rannsóknarverkefni.

Eins og áður hefur komið fram þá eru börn og unglingar sem eru enn á máltökuskeiði móttækilegust fyrir máli og það á jafnt við um íslensku og ensku ef enskuáreitið í málsamfélaginu er mikið. Það hefur sýnt sig að sum ung börn eru búin að læra heilmikið í ensku áður en þau fá formlega enskukennslu sem skylda er að hefja í 4. bekk grunnskóla (Sigríður Sigurjónsdóttir o.fl., 2020, bls. 606 – 607). Líklega stafar þetta af því hvað sum börn fá mikið enskuáreiti úr snjalltækjum og tölvum sem þau nota mjög mikið alla daga. Áhorf á enskt efni á efnisveitum og netinu í gegnum snjalltæki og tölvuleikir er vinsæl afþreying hjá börnum á máltökuskeiði. Þegar tölvuleikir eru spilaðir þá eiga spilararnir oft í gagnvirkum samskiptum sín á milli og oft og tíðum eru þau samskipti á ensku (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018c, bls. 3). Einnig eru stafrænir aðstoðarmenn á borð við Siri og Alexu vinsælir og eina leiðin til að tala við þá er á ensku (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018b, bls. 48). Eins fram kom í 2. kafla þá eru gagnvirk samskipti mjög mikilvæg fyrir börn á máltökuskeiði og þau hafa hvað mest að segja um það hversu góður málnotandi barn verður. Í því sambandi skiptir að sjálfsögðu miklu máli á hvaða máli, íslensku eða ensku, máláreitið er sem barnið fær (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2019, bls. 53 – 54).

Hér verður stuttlega gerð grein fyrir niðurstöðum netkönnunarinnar sem samin var og lögð fyrir þátttakendur í öndvegisverkefninu. Einungis verður lögð áhersla á að skoða niðurstöður sem tengjast yngstu málnotendunum. Fimm mismunandi netkannanir voru sendar til rúmlega 5000 manns á aldrinum 3 – 98 ára (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018c, bls. 1). Mikil áhersla var lögð á að ná til yngstu aldurshópanna, og því voru 1500 þátttakendur af þeim 5000 sem tóku þátt 12 ára og yngri. Í netkönnuninum var reynt að komast að því hversu mikið íslenskt og enskt ílag þátttakendur fengu og einnig var notkun þeirra á snjalltækjum rannsökuð. Viðhorf til íslensku og ensku, orðaforði og ýmsar málfræðibreytur voru einnig skoðaðar í netkönnuninum. Fyrir börn 12 ára og yngri voru samdar fjórar mismunandi gerðir af netkönnunum eftir aldri barnanna. Yngstu börnin sem svöruðu voru þriggja ára. Í yngsta aldurshópnum var gert ráð fyrir því að foreldrar barnanna svöruðu netkönnuninni og bæru ákveðin málfarsatriði undir börnin. Þegar netkönnunum lauk kom í ljós að 50% svarhlutfall var hjá þátttakendum 3 – 12 ára sem var lægra en vonast hafði verið eftir, en gæti stafað af því

hversu löng og tímafrek könnunin var (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018c, bls. 4).

Eins og fram hefur komið þá voru mismunandi próf lögð fyrir börnin en þeim var skipt í fjóra aldurshópa, 3 – 5 ára, 6 – 7 ára, 8 – 9 ára og 10 – 12 ára. Samtals voru 724 börn sem svöruðu netkönnuninum. Niðurstöður um skjá- og netnotkun barnanna sýna að börn eru strax byrjuð að nota snjalltæki á unga aldri. 80% barna á aldrinum 3 – 5 ára hafa aðgang að snjalltækjum, 84% barna á aldrinum 6 – 7 ára og 98 – 99% barna á aldrinum 8 – 9 og 10 – 12 ára. Nokkrar spurningar í netkönnuninum könnuðu snjalltækjanotkun barnanna og í ljós kom þegar þær niðurstöður voru bornar saman við niðurstöður eldri kannana að börn verða sífellt yngri þegar þau byrja að nota snjalltæki (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018c, bls.8 – 9). Rúmlega 8% barnanna í yngsta aldurshópnum voru yngri en eins árs þegar þau fengu fyrst að nota snjalltæki og meira en helmingur þessara barna byrjaði að nota snjalltæki þegar þau voru tveggja ára eða yngri. Í eldri aldurshópnum voru börnin aðeins eldri þegar þau byrjuðu fyrst að nota snjalltæki. Það segir okkur að tækninni fleygir hratt fram og snjalltækin eru orðin ómissandi þáttur í lífi margra ungra íslenskra barna. Í 6 – 7 ára aldurshópnum höfðu 28% barnanna sem byrjuðu að nota snjalltæki tveggja ára eða yngri. Einnig kom í ljós í niðurstöðum könnunarinnar að 38% barna á aldrinum 6 – 7 ára eyða að jafnaði 1 – 4 klukkustundum í tölvum eða snjalltækjum á dag. Því eldri sem börnin verða því hærra er þetta hlutfall og það sama má segja um netnotkun. 54% barna í yngsta aldurshópnum nota netið daglega eða nokkrum sinnum í viku og í elsta aldurshópnum er hlutfallið komið upp í 98% (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018c, bls. 6 – 8).

Eins og fram hefur komið þá er það efni sem börnin horfa á og nota í snjalltækjum gjarnan á ensku og því er áhugavert að skoða niðurstöður netkönnunarinnar um virka og óvirka enskunotkun barnanna. Virk enska er tal og ritun en óvirk enska er hlustun og lestur (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018c, bls. 9). Um 29% barnanna í 3 – 5 ára aldurshópnum heyra ensku talaða á hverjum degi, í 6 – 7 ára aldurshópnum eru það rúmlega 30% en í elsta aldurshópnum, 10 – 12 ára, er hlutfall barna sem heyra ensku talaða á hverjum degi komið upp í 70%. Þetta málareiti flokkast sem óvirk enska þar sem þau heyra ensku talaða með því að horfa á sjónvarp, vera á Youtube, Netflix eða öðrum efnisveitum. Virk enskunotkun barnanna var könnuð með því að spyrja hversu oft barnið reynir að tjá sig á ensku, allt frá stökum orðum yfir í setningar. Hlutfall barnanna er svipað í öllum aldurshópnum. Í yngsta

aldurshópnum 3 – 5 ára er hlutfallið 16% sem reynir að tjá sig á ensku daglega, hjá 6 – 7 ára börnunum er hlutfallið 20% og í hinum aldurshópnum er hlutfallið einnig um 20%. Meira en helmingur barnanna talar eða reynir að tala ensku nokkrum sinnum í viku eða allt frá 51% upp í 64%. Einnig var kannað hvort börnin leika sér á ensku þá ein eða með vinum sínum. Í 6 – 7 ára aldurshópnum var hlutfallið 21 – 22% sem léku sér á ensku ein eða við vini sína, hlutfallið hækkar síðan í eldri aldurshópnum. Eitt annað atriði sem kannað var og tengist enskunotkun, var áhugi barnanna á ensku. Þar kom í ljós að áhuginn er nokkuð mikill hjá börnunum og hann eykst eftir því sem börnin verða eldri. Í yngsta aldurshópnum er hlutfallið 43% þar sem foreldrar barnanna eru frekar eða mjög sammála því að barn þeirra hafi áhuga á ensku. Í elsta aldurshópnum er þetta hlutfall komið upp í 70% sem bendir til að börn í dag hafi áhuga á ensku og hafi jákvætt viðhorf til hennar. Rétt er að nefna að gera má ráð fyrir að inni í þessum tölum séu tvítyngd börn en þessar tölur gefa samt sem áður góða mynd af enskunotkun íslenskra barna í dag (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018c, bls. 9–10).

Öndvegisverkefnið á eftir að veita góða sýn á málumhverfi ungra barna í dag og hefur nú þegar gert það. Eins og komið hefur fram þá skiptir ílag, bæði hefðbundið ílag og stafrænt ílag, miklu máli á máltökuskeiði barna. Nokkrar meistararitgerðir hafa verið unnar innan verkefnisins sem fjalla að miklu leyti um ílag og má þar til að mynda nefna meistararitgerð Dagbjartar Guðmundsdóttur sem skoðaði niðurstöður netkönnunarinnar hjá þátttakendum 13 ára og eldri. Hún fjallar um aldursbundna þróun stafræns ílags og viðhorf til ensku, þar sem unglingar og yngra fólk virðist jákvæðara gagnvart enskunotkun en eldra fólk (Dagbjört Guðmundsdóttir, 2018, bls. ii). Ólöf Björk Sigurðardóttir skrifaði einnig MA-ritgerð innan verkefnisins en hún skoðaði niðurstöður úr viðtölum sem tekin voru við sum 3 – 12 ára börnin sem svöruðu netkönnuninum. Ritgerð hennar fjallar aðallega um viðhorf barnanna til íslensku og ensku og tengsl þeirra við skjá og netnotkun barnanna og í því sambandi skoðar hún niðurstöður úr viðtölunum um stafrænt ílag barnanna (Ólöf Björk Sigurðardóttir, 2020, bls. 1 – 2).

Það er áhugavert að velta fyrir sér því stafræna ílagi sem börn fá í dag eins og Ólöf Björk kom inn á í sinni ritgerð. Ólöf skoðaði svör 40 barna í sinni ritgerð úr viðtölunum sem tekin voru við 106 barnanna sem svöruðu netkönnuninum (Ólöf Björk Sigurðardóttir, 2020, bls. 2). Niðurstöður úr viðtölunum um snjalltækjanotkun voru í samræmi við niðurstöður netkönnunarinnar þar sem flest börn í dag hafa aðgang að eða eiga snjalltæki. Niðurstöður úr viðtölunum benda meira að segja til þess að hlutfall barna sem nota snjalltæki sé enn hærra,

sérstaklega í tveimur yngstu aldurshópunum, en niðurstöður netkannanarinnar bentu til. Enska er ríkjandi tungumál í hinum stafræna heimi og tæknin er orðin stór hluti af lífi barna og því er nokkurn veginn hægt að setja samasem merki á milli ensks ílags og stafræns ílags, því meira stafrænt ílag sem barnið fær þýðir því meira enskt ílag. Eins og áður var komið inn á þá nota börnin mest snjalltækin til þess að spila leiki eða horfa á efni á Youtube og Netflix. Það er lítið framboð af íslensku efni inni á netinu og erlendum efnisveitum og því horfa börn allt niður í 3 – 5 ára aldurshópinn á enskt efni og það truflar þau ekki þó að efnið sé á ensku. Það er þó einna helst yngsti aldurshópurinn sem horfir á íslenskt efni ef það er í boði (Ólöf Björk Sigurðardóttir, 2020, bls. 94 – 95).

Af því sem hér hefur verið rakið þá má sjá að umfang enskunnar í málumhverfi barna er mikið og öndvegisverkefnið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*, sem Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson stýrðu, gefur góða sýn á íslenskt og enskt ílag ungra barna í dag. Niðurstöður verkefnisins geta því leitt í ljós hvert íslensk tunga stefnir þar sem ung börn í dag eru málhafar framtíðarinnar (Sigríður Sigurjónsdóttir o.fl., 2020).

4.2 Ensk tökuorð

Tungumál verða fyrir áhrifum frá öðrum tungumálum og á undanfarinni öld eða svo hefur íslenskur orðaforði orðið fyrir áhrifum frá enskri tungu (Ásta Svavarsdóttir og Veturliði Óskarsson, 2009, bls. 17). Hversu miklum áhrifum tungumál verður fyrir frá öðru tungumáli ræðst af ýmsum þáttum. Samfélagsbreytingar og tækni framfarir geta til dæmis haft í för með sér fjölgun tökuorða þar sem ný hugtök til að mynda í tækniheiminum koma fram (Ásta Svavarsdóttir og Veturliði Óskarsson, 2009, bls. 20). Eins og margoft hefur komið fram þá er enskan allsráðandi í tækniheiminum (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018b, bls. 47) og því þarf ekki að koma á óvart að enskum tökuorðum fjölgi í málinu sökum þess. Ásta Svavarsdóttir og Veturliði Óskarson fjalla um sögu tökuorða og eilítið um ensk tökuorð í greininni *Annarleg sprek á ókunnugri strönd, tökuorð á Íslandi fyrr og nú í tímaritinu Orð og tunga 11*. Þar er fjallað um rannsóknir sem gerðar hafa verið á textum þar sem aðkomuorð eða tökuorð úr ensku eru skoðuð í nútímaíslensku. Niðurstöður benda til þess að erlend áhrif fari vaxandi í íslensku og virðist sem svo að yngri málhafar noti frekar ensk tökuorð ef marka má niðurstöður úr þeim textum sem skoðaðir voru. Benda má á að það er mikill munur á formlegu máli og óformlegu og það ber meira á því að tökuorð séu notuð í tali og óformlegu máli (Ásta Svavarsdóttir og Veturliði Óskarsson, 2009, bls. 33). Tímaritið *Orð og tunga 11* kom út árið

2009 og því má gera ráð fyrir að ensk áhrif hafi farið vaxandi á síðustu árum eins og hér hefur stuttlega verið rætt um til að mynda í tengslum við stafrænt ílag sem tengist snjalltækjum.

Tökuorð sem koma inn í málið aðlaga sig misjafnlega að tungumálinu. Orðin þurfa að laga sig að íslenskum framburðarreglum og einnig íslenskri áherslu. Við notum þær málfræðireglur sem nútímaíslenska hefur upp á að bjóða til að aðlaga orðin að íslensku máli. Til að mynda hafa nokkur viðskeyti orðið algeng í íslensku við aðlögun tökuorða að málinu, eins og viðskeytið *-isti-*, sem dæmi má nefna orðið *píanisti*, sem í ensku er *pianist* (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 144). Það er því áhugavert að skoða fleirtölumyndun íslenskra barna af enskum aðkomuorðum í dag til að athuga hvort börnin aðlaga ensku orðin, sem prófuð eru að íslensku og beiti á þau íslenskum fleirtölureglum. Í þessari könnun er framburður barnanna á orðunum hins vegar ekki skoðaður og því verður ekki hægt að greina frá því hvort börnin aðlagi orðin að framburðarreglum íslensku eða beri þau fram með enskum framburði.

5. Fleirtölurannsókn

5.1 Könnunin

Fyrir þessa ritgerð var samin könnun þar sem fleirtölumyndun barna af enskum tökuorðum var könnuð. Meginmarkmið könnunarinnar var að rannsaka hvort íslensk börn myndi fleirtölu af enskum tökuorðum með íslenskum eða enskum fleirtöluendingum. Stutt myndapróf var útbúið þar sem fyrirmyndin var fleirtölupróið sem Indriði Gíslason og félagar sömdu fyrir fleirtöluhluta rannsóknarverkefnisins *Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur* (Indriði Gíslason o.fl., 1986, bls. 107). Prófið sem þar var notað var hannað af Höskuldi Þráinssyni og tveimur af nemendum hans í Háskóla Íslands, þeim Áslaugu J. Marinósdóttur og Guðrúnu Sigurðardóttur, og við samningu þess höfðu þau fleirtölupróf Jean Berko til hliðsjónar en aðlöguðu það að íslenskum beygingarreglum (Indriði Gíslason o.fl., 1986, bls. 107 – 108). Í myndaprófinu sem útbúið var fyrir þessa ritgerð fengu börnin að sjá myndir af ýmsum persónum og hlutum sem þau áttu flest öll að kannast við úr ensku afþreyingarefni. Fyrsta orðið sem þau mynduðu fleirtölu af var æfingarorðið *hundur*, en það er íslenskt raunorð og haft fremst til að börnin áttuðu sig á því til hvers væri ætlast til af þeim í prófinu. Þau sáu mynd af einum hundi á heilli blaðsíðu og áttu að segja rannsóknarmanni (höfundi ritgerðarinnar)

hvað þau sáu á myndinni. Á næstu blaðsíðu sáu þau mynd af tveimur hundum og áttu aftur að segja hvað þau sáu.

Þar sem markmiðið var að skoða hvernig íslensk börn mynda fleirtölu af enskum tökuorðum þá voru valin orð í prófið sem líklegt þótti að ung íslensk börn þekktu og notuðu. Flest orðanna voru valin út frá vinsælu barnaefni. Orðin voru tólf, öll raunorð, en inni í þeim fjölda voru tvö íslensk orð sem notuð voru til að athuga hvort barnið skildi prófið og héldi athygli þess þann tíma sem könnunin tók. Í töflu 1 má sjá lista yfir þau orð sem prófuð voru. Eitt orð vantar þó í töfluna en það er orðið *ninja turtle* en niðurstöður fyrir það orð voru ekki nothæfar þar sem langflest börnin þekktu orðið ekki og því hefur það verið tekið út.

hundur	hestur
pokémon	zombie
angry bird	traktor
ninja	minion
póní	barbie
avocado	ipad

Tafla 1 Orðin sem prófuð voru í könnun höfundar ritgerðarinnar


Auk myndaprófsins var notað upptökutæki í könnuninni sem var nauðsynlegt til að rannsóknarmaður gæti skráð svör barnanna eftir að prófinu lauk. Þátttakendur könnunarinnar voru 18 börn á aldrinum 5;6 – 6;5 ára. Þar af voru 10 stelpur og 8 strákar. Einnig voru tvö eldri börn, 11 ára strákur og 13 ára stelpa, könnuð ásamt tveimur fullorðnum einstaklingum til samanburðar.

5.2 Aðferðarfræði

Athuginin var framkvæmd þannig að börnin 18 voru könnuð hvert fyrir sig í einrúmi í leikskólanum. Búið var að fá leyfi til að framkvæma könnunina frá foreldrum þessara barna og leikskólastjóra. Hvert barn fékk að sjá myndir af orðunum sem komu fram í töflu 1. Fyrsta orðið var æfingarorð og það var orðið *hundur*, eins og kom fram í kafla 5.1, en það er íslenskt orð sem tilheyrir beygingarflokki með reglulegri og algengri beygingu (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 222). Einnig er orðið algengt í málinu og ætti því að vera nokkuð auðvelt fyrir 5 og 6 ára börn að mynda fleirtölu af því. Í fleirtöluprófi Indriða og félaga var orðið *hundur* prófað og kom í ljós að

langflest börnin þekktu fleirtölumynd þess (Indriði Gíslason o.fl., 1986, bls. 132 – 133).

Æfingarorðið var eins og kom fram hér áðan notað í þeim tilgangi að barnið, sem var inni hverju sinni að taka prófið, skildi hvernig könnunin fór fram. Þegar það var komið á hreint var hægt að byrja könnunina. Upptökutækið var sett í gang og fyrsta myndin sem barnið fékk að sjá var mynd af einum pokémon. Þegar barnið var búíð að nefna hvað væri á myndinni þá fékk það að sjá næstu mynd þar sem nokkrir pokémonar voru komnir saman á einni mynd, sjá á mynd 3. Þá átti barnið að nefna hvað væri á þeirri mynd og þannig hélt svo könnunin áfram.



Mynd 3

Í miðri könnun var mynd af hesti sem tilheyrir, eins og orðið hundur, beygingarflokki með reglulegri beygingu og er algengt orð í málinu (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 222). Það orð var notað í þeim tilgangi að athuga hvort börnin héldu athygli og eins til að vita hvort að aðferð prófsins væri að virka. Börnin fengu hjálp ef þau þekktu ekki það sem á myndinni var. Til dæmis ef barnið þekkti ekki pokémon þá sagði rannsakandinn „þetta kallast pokémon“ og reyndi síðan að fá barnið til að endurtaka það. Kyn orðsins var ekki gefið upp vegna þess að könnunin snerist um að athuga fleirtölumyndun af enskum tökuorðum sem hafa ekki endilega neitt ákveðið kyn í íslensku því í ensku eru orð ekki beygð eftir kyni. Sama rannsóknaraðferð var notuð þegar eldri börnin tvö voru prófuð og einnig fullorðnu einstaklingarnir tveir.

5.3 Niðurstöður

Í þessum kafla verða niðurstöður úr könnuninni raktar. Fjallað verður fyrst og að mestu leyti, um orðin sem koma bæði fyrir í könnuninni og í fleirtöluprófi öndvegisverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*. Fyrsta orðið í könnuninni sem var prófað, fyrir utan æfingarorðið, var *pokémon*. Börnin virtust ekki öll þekkja pokémon en þó voru nokkur

sem þekktu það. Í mörgum tilfellum nefndu börnin eldri systkini sín í tengslum við orðið, sem gefur til kynna að þau börn sem þekktu pokémon eigi flestöll eldri systkini sem hafi kynnt þau fyrir þessu fyrirbæri. Eldri börnin sem voru 11 og 13 ára þekktu pokémon en annar af þeim tveimur fullorðnu einstaklingum sem prófaðir voru til samanburðar við börnin þekkti hins vegar ekki fyrirbærið.

Niðurstöður fyrir pokémon leiddu í ljós að rúm 67% barnanna, eða 12 af 18, notuðu *pokémon* bæði í eintölu og fleirtölu, þ.e. án þess að setja fleirtöluendingu á orðið. Einungis tvö börn eða 11% sögðu *pokémonar* í fleirtölu og eitt barn sagði *pokémonum* í fleirtölu. Þrátt fyrir að fleirtölupróf eins og það sem hér var notað geti varpað ljósi á ýmsa þætti í fleirtölumyndun barna þá er þessi aðferð ekki gallalaus. Börn geta notað aðra fleirtölumynd í eðlilegu talmáli þegar orðið eru inni í setningu, en í rannsókn sem þessari þá stendur orðið eitt og sér án samhengis. Einnig voru sum börnin feimin við þessar aðstæður sem minna nokkuð á próf og það getur verið ástæða þess að þau endurtóku eintölumyndina í fleirtölu, þrátt fyrir að þau myndu ekki endilega gera það í daglegu tali (Indriði Gíslason o.fl., 1986, bls. 117). Í fleirtölurannsókn Indriða og féлага virtust mörg 3;6 – 4;6 ára börnin endurtaka eintölumynd orðanna í fleirtölu og nokkur 5;6– 6;6 ára barnanna einnig. Þetta kom þó helst fyrir í bullorðunum sem þau höfðu aldrei heyrt eða notað áður. Ein skýring þess að börnin notuðu eintölumyndina í fleirtölu gæti verið sú að þau hafi ekki vald á þeim reglum sem þarf til að mynda rétta fleirtölumynd. Það kom til dæmis fram í fleirtöluprófi Indriða og féлага að erfiðustu orðin, sem taka óreglulegri beygingu, voru þau sem fengu oft sömu fleirtölumynd og eintalan. Í staðinn fyrir að beita málfræðilegum reglum á orðin notuðu þau töluorð eins og *tveir* eða *marginir* með eintölumynd orðsins (Indriði Gíslason o.fl., 1986, bls. 127). Eins og kom fram hér rétt áðan þá endurtók meirihluti barnanna í könnuninni sem gerð var fyrir þessa ritgerð eintölumynd orðsins í fleirtölu. Það gæti einnig stafað af því að þau þekki orðið ekki vel og séu ekki vön að nota það. Fyrir þeim gæti orðið því verið bullorð, þ.e. orð sem þau þekkja ekki. Nokkur börn notuðu samt sem áður töluorð með fleirtölumynd orðanna. Eldri einstaklingarnir sem tóku þátt í rannsókninni bættu allir íslenskri fleirtöluendingu við orðið og sögðu *pokémonar*.

Annað orðið sem var prófað var orðið *ninja*. Öll börnin vissu hvað *ninja* var og meirihlutinn eða rúm 78% bættu fleirtöluendingunni *-ur* við í fleirtölu og sögðu *ninjur*. Hinn hluti barnanna eða 22% endurtóku eintölumyndina óbreytta í fleirtölu. Börnin þekkja þetta orð greinilega betur og nota það oftar en orðið *pokémon*. Einnig er áhugavert að öll börnin höfðu

orðið í sama kyni, þ.e. kvenkyni og meirihluti þeirra myndaði orðið með þeirri íslensku fleirtöluendingu sem skeytt er við veik kvenkynsnafnorð, t.d. orðið *kona* sem er í fleirtölu *konur*.

Orðið *ipad* var einnig prófað í bæði könnun minni og innan öndvegisverkefnis Sigríðar og Eiríks. Þar voru börnin líka flest öll með fleirtölu myndun orðsins á hreinu. 16 börn af 18, sem gera rúm 89%, sögðu *ipadar* í fleirtölu. Áhugavert er að fjögur börn af þessum 16 bættu einnig íslenskri endingu við orðið í eintölu og sögðu *ipadur*. *Ipadur* væri þá karlkynsorð með sterkri beygingu sem tilheyrir einhverjum af fyrstu þremur flokkunum í sterkri beygingu karlkynsorða í íslensku (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 222).

Orðið *minion* var prófað og þar voru ýmsar aðferðir notaðar við fleirtölu myndun. Að vitneskju höfundar þá er enska fleirtölu myndunin *minions* oft notuð þegar talað er um þessar persónur og mögulega er eintölu myndun orðsins sem er *minion* ekki eins oft notuð. Það kom því kannski ekki á óvart að meira en helmingur barnanna eða rúm 60% sögðu *minions* í eintölu. Það voru þrjú börn af þeim sem sögðu *minions* í eintölu sem höfðu því enska fleirtölu endingu á orðinu í eintölu en mynduðu svo fleirtölu af orðinu með íslenskri fleirtölu og sögðu því *minionsar* í fleirtölu. Í heildina voru því rúm 17% eða 3 börn af 18 sem sögðu *minionsar* í fleirtölu. Sjö börn af 18 eða um 39% sögðu *minions* bæði í eintölu og fleirtölu. 22% barnanna endurtóku eintölu myndina *minion* í fleirtölu. Það voru svo einungis fjögur börn eða 22% sem notuðu það sem hægt væri að telja æskilega fleirtölu mynd á íslensku, þ.e. *minionar*.

Síðasta orðið sem prófað var bæði í könnun ritgerðarinnar og fleirtölu rannsókninni innan rannsóknarverkefnis Sigríðar og Eiríks er orðið *zombie*. Í könnun minni sögðu 50% eða helmingur barnanna *zombie* bæði í eintölu og fleirtölu. 33% sögðu *zombíar* í fleirtölu og áhugavert var að sjá að um 17%, sem eru samt sem áður aðeins þrjú börn, notuðu kvenkyn í fleirtölu og sögðu *zombíur*. Áhugavert var að ekkert barn myndaði fleirtölu af orðinu með enskri fleirtölu endingu, sem væri *zombies*. Þessar niðurstöður gætu bent til þess að orðið sé börnunum ókunnugt og þau meðhöndli það því sem bullorð því 50% er ansi hátt hlutfall barna sem endurtaka eintölu mynd orðsins. En einnig geta þessar niðurstöður stafað af því eins og nefnt var hér að framan að svona rannsókn er ekki gallalaus og mögulegt er að börnin noti ekki þessar myndir orðsins í daglegu tali. Í töflu 2 eru niðurstöður allra orðanna sem ég prófaði í minni könnun settar upp í töflu. Taflan sýnir prósentuhlutfall barna sem svaraði á tiltekinn hátt og til hliðsjónar er fjöldi barna innan sviga.

	Íslensk ft.ending	Ensk ft.ending	Endurtekin eintölumynd	Annað	Samtals
pokémon	16,5% (3)		67% (12)	16,5% (3)	100% (18)
angry bird	18% (3)	12% (2)	70,5% (12)		100% (17)
ninja	78% (14)		22% (4)		100% (18)
póní	11% (2)		78% (14)	11% (2)	100% (18)
avocado	67% (12)		33% (6)		100% (18)
zombie	50% (9)		50% (9)		100% (18)
traktor	72% (13)		28% (5)		100% (18)
minion	39% (7)	39% (7)	22% (4)		100% (18)
barbie	22% (4)		72% (13)	6% (1)	100% (18)
ipad	89% (16)		11% (2)		100% (18)
Samtals	46,5% (83)	5% (9)	45% (81)	3,5% (6)	100%(179)

Tafla 2: Niðurstöður fyrir einstök orð í könnun sem gerð var fyrir ritgerðina

Eins og sést á töflunni er í henni hægt að sjá niðurstöður orða sem ekki hefur verið fjallað um enn þá. Áhugavert er að í orðinu *barbie* koma tvær íslenskar fleirtöluendingar fyrir. Þrjú börn sögðu *barbíur* í fleirtölu og eitt sagði *barbíar*. Ef niðurstöður fyrir orðið *avocado* eru skoðaðar þá er erfitt að segja til um hvort um endurtekna enska eintölumynd sé að ræða eða um íslenska fleirtölumynd, ef við gefum okkur að *avocado* sé hvorugkynsorð í íslensku. Eins og kom fram í 2. kafla, þá eru sterk hvorugkynsnafnorð í íslensku samhljóða eintölu í fleirtölu (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 222). Samt sem áður er erfitt að vita hvort enska orðið *avocado* beygist sterkt eða veikt í íslensku en í íslenskri þýðingu er það *lárpera*. Flest börnin notuðu töluorð fyrir framan orðið og stór hluti þeirra sagði *tvö avocado*. Þessi niðurstaða getur bent til þess að í þeim tilvikum sem börnin segja *tvö avocado* þá sé um að ræða íslenska fleirtölumynd þar sem töluorðið er í hvorugkyni. Þessi svör eru því flokkuð sem íslensk fleirtöluending í töflu 2 en nefna má að eitt barn sagði *avocadoar* í fleirtölu og er það svar auðvitað einnig talið sem íslensk fleirtöluending. Nánar verður ekki farið út í niðurstöður orðanna en tafla 2 varpar skýru ljósi á svörin barnanna og notkun þeirra á orðunum. Út frá töflunni er hægt að sjá að endurtekin eintölumynd er nokkuð algeng og er spurning hvort þetta séu marktækar niðurstöður, en þær gefa samt sem áður ákveðna hugmynd um þekkingu barnanna og notkun á þessum orðum.

Niðurstöður fyrir orðin *hundur* og *hestur* sem notuð voru sem æfingarorð í könnuninni og til þess að athuga hvort rannsóknaraðferðin virkaði sem skildi eru ekki inni í töflu 2. Öll börnin mynduðu rétta fleirtölumynd af orðinu *hundur* og sögðu því *hundar* og öll börnin nema eitt

mynduðu einnig rétta fleirtölu af orðinu *hestur* og sögðu því *hestar* nema þetta eina barn sem endurtók eintölu myndina *hestur*. Af þessu að dæma héldu öll börnin nema eitt athygli í könnuninni sem gefur til kynna að rannsóknaraðferðin hafi virkað.

Í lokin er rétt að minnast á niðurstöður eldri barnanna og fullorðnu einstaklinganna sem tóku þátt í könnuninni sem samanburðarhópur. Annað eldra barnið var 11 ára strákur og hann varð strax mjög meðvitaður um það sem verið var að prófa í könnuninni. Öll orðin nema tvö, sem samsvarar 80%, myndaði hann með íslenskri fleirtöluendingu. Hins vegar voru orðin *póní* og *angry bird* bæði mynduð með enskri fleirtöluendingu eða *ponies* og *angry birds*. Hitt eldra barnið, sem prófað var til samanburðar við yngri börnin, var 13 ára stelpa. Hjá henni voru einnig öll orðin nema tvö mynduð með íslenskri fleirtöluendingu. Orðið *avocado* varð t.d. *avocadoar* og fékk þannig algenga karlkynsendingu. Orðið *angry bird* fékk hins vegar enska fleirtöluendingu, þ.e. *angry birds* og í orðinu *barbie* var eintölu mynd orðsins endurtekin í fleirtölu. Einnig voru tveir fullorðnir einstaklingar kannaðir, báðir karlmenn. Annar var á sextugsaldri en hinn á þrítugsaldri. Hjá þeim yngri voru 90% orðanna með íslenskri fleirtöluendingu. Orðið *angry bird* fékk bæði íslenska fleirtöluendingu og enska því hann sagði: *angry birdsar!* Eina orðið sem var með enskri fleirtöluendingu var orðið *zombie* sem varð *zombies* í fleirtölu. Eldri einstaklingurinn þekkti ekki öll orðin og endurtók eintölu margra þeirra í fleirtölu, eða fjögur orð sem samsvarar 40%. Hin orðin sem eftir standa voru með íslenskri fleirtöluendingu en rétt er að taka fram að fleirtölu myndin á orðinu *traktor* varð *dráttarvélar*, því hafði hann þýtt orðið yfir á íslensku í fleirtölu mynduninni. Af svörum þessa einstaklings má áætla að börnin hafi notað endurtekna eintölu mynd á orðin í könnuninni vegna þess að þau þekktu ekki orðin rétt eins og hann.

5.4 Fleirtölurannsókn: Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis

Í öndvegisverkefninu *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* var samið fleirtölupróf fyrir 3 – 12 ára börn sem innihélt nokkur þeirra orða sem ég notaði síðar í könnun minni fyrir ritgerðina. Hér er unnið úr hluta af gögnum þessarar rannsóknar til samanburðar við könnunina sem ég gerði. Einungis var unnið úr niðurstöðum barna í aldurshópnum 5 – 6 ára, þar sem börnin sem ég kannaði voru á aldrinum 5;6 – 6;5 ára, en 22 börn á þeim aldri tóku þátt í netkönnun öndvegisverkefnisins.

Orðið *pokémon* var einnig prófað í öndvegisverkefninu. Þar má sjá að flest börn á aldrinum 5 – 6 ára bættu íslensku fleirtöluendingunni *-ar* við orðið og sögðu *pokémonar*. Rúm

20% af börnunum endurtóku eintölumyndina í fleirtölu og sögðu því *pokémon* bæði í eintölu og fleirtölu. Þessi rannsókn varpar líklega betra ljósi á fleirtölumynd orðsins *pokémon* heldur en könnunin, sem gerð var fyrir ritgerðina, þar sem algengast var að börnin segðu *pokémonar* í fleirtölu í þessari rannsókn. Minna var um að þau endurtóku eintölumyndina sem gerir þær niðurstöður marktækari heldur en niðurstöður könnunarinnar. Næsta orð sem var skoðað var orðið *ninja*. Áhugavert er að skoða þetta orð í sambandi við framburð og gerðar voru athugasemdir við framburð í úrvinnslu gagna úr öndvegisverkefninu, þar sem kom fram að sum börnin báru orðið fram með enskum framburði. Hér verður hins vegar ekki farið nánar út í framburð orða í þessum rannsóknum. Öll 5 – 6 ára börnin í öndvegisverkefninu sögðu *ninjur* í fleirtölu og skeyttu því íslenskri fleirtöluendingu við orðið (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018a).

Niðurstöðum öndvegisverkefnisins hvað varðar orðið *ipad* svipar til niðurstaðna könnunarinnar sem gerð var fyrir ritgerðina. Um 18% barnanna bættu karlkynsendingunni *-ur* við eintöluna og sögðu því *ipadur* í eintölu, eitt barn sagði hins vegar *ipattur* og eitt *ipodur*. Í öndvegisverkefninu mynduðu öll börnin, sem svöruðu, fleirtölumyndina *ipadar*. Niðurstöður úr orðinu *minion* voru þær að helmingur barnanna eða nákvæmlega 50% sögðu *minions* í eintölu. Þar af voru um 23% barnanna sem sögðu *minions* bæði í eintölu og fleirtölu og 27% sem sögðu *minions* í eintölu en bættu síðan íslensku fleirtöluendingunni *-ar* við í fleirtölu og sögðu því *minionsar*. Þá voru rúm 27% barnanna sem sögðu *minionar* í fleirtölu og rúm 13% sögðu *minion* í eintölu og notuðu svo enska fleirtöluendingu og sögðu *minions* í fleirtölu (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018a).

Niðurstöður öndvegisverkefnisins varpa líklega betra ljósi á notkun orðsins *zombie* heldur en könnunin sem gerð var fyrir ritgerðina. 72% barnanna skeyttu íslenskri fleirtöluendingu við orðið *zombie* og sögðu *zombíar* í fleirtölu, þar af voru tvö börn sem vildu hafa orðið í kvenkyni og sögðu „tvær“ *zombíar*. Eins og í könnun minni þá var ekkert barn sem notaði enska fleirtöluendingu á orðið og sagði *zombies* (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018a).

5.5 Samantekt

Af þeim þremur svarmöguleikum sem fram komu: íslensk fleirtöluending, ensk fleirtöluending og endurtekin eintölumynd í töflu 2, þá var algengast að börnin í könnuninni sem gerð var fyrir ritgerðina notuðu íslenska fleirtöluendingu, þó að litlu munaði á íslenskri fleirtöluendingu og

endurtekinni eintölu mynd í fleirtölu. Í 46,5% tilvika mynduðu börnin fleirtölu með íslenskri fleirtöluendingu í orðunum en í einungis 5% tilvika mynduðu þau fleirtölu með enskri fleirtöluendingu. Þegar litið er á svörin með tilliti til kynjaskiptingar þá má sjá að strákar mynduðu frekar fleirtölu með íslenskum fleirtöluendingum. Eins og sjá má í töflu 3 þá voru 46 af 83 svörum með íslenskri fleirtöluendingu sem gera 55,5%, komin frá strákum, en 37 svaranna sem gera rúm 44,5% komin frá stelpum. Það skal tekið fram að af þeim 18 sem tóku þátt þá voru strákarnir átta en stelpurnar tíu. Þegar litið er á myndun fleirtölu af orðunum með enskum fleirtöluendingum þá er erfiðara að sjá heildarmynd vegna þess hve svörin eru fá, einungis níu, en þar má samt sjá að fimm strákar mynduðu fleirtölu með enskum fleirtöluendingum en það gerðu fjórar stelpur.

	KK	KVK	
Íslensk ft.ending	55,5% (46)	44,5 (37)	100% (83)
Ensk ft.ending	55,5% (5)	44,5 (4)	100% (9)

Tafla 3: Samantekt niðurstaðna fyrir könnunina sem gerð var fyrir ritgerðina: 5 – 6 ára börn

Í öndvegisverkefninu er það sama uppi á teningnum, því íslenskar fleirtöluendingar eru algengari, eða rúm 75% svaranna. Rúmlega 7% svaranna eru mynduð með enskum fleirtöluendingum og um 18% svaranna endurtekin eintölu mynd eða eru eitthvað annað. 5 – 6 ára börnin sem tóku þátt í öndvegisverkefninu voru 22 og þar af voru 10 strákar og 12 stelpur. Í töflu 4 má sjá kynjaskiptar niðurstöður svara fyrir fleirtölu myndir með íslenskum fleirtöluendingum og enskum fleirtöluendingum.

	KK	KVK	
Íslensk ft.ending	46% (38)	54% (44)	100% (82)
Ensk ft.ending	50% (4)	50% (4)	100% (8)

Tafla 4: Samantekt niðurstaðna öndvegisverkefnisins: 5 – 6 ára börn

Þessum niðurstöðum svipar í heild sinni mjög til niðurstaðna könnunarinnar sem gerð var fyrir ritgerðina, sbr. töflu 3, og kynjaskiptingin er nokkuð svipuð þótt hún sé reyndar alveg öfug við töflu 3. Samt sem áður er vert að nefna að kynjamunur er ekki að öllu leyti marktækur þar sem svo fáir þátttakendur voru skoðaðir í báðum fleirtöluprófunum.

Þar sem fleirtölumyndin með íslenskum fleirtöluendingum var algengust í bæði könnun minni og öndvegisverkefninu þá er áhugavert að skoða beygingarflokkana sem fleirtölumyndirnar tilheyra og sjá hverjir eru algengastir. Í ritgerðinni voru beygingarflokkar bæði í sterkri og veikri beygingu skoðaðir út frá fleirtöluendingum. Það er hins vegar erfitt að greina nákvæmlega hvort ensku tökuorðin sem notuð voru í rannsóknunum séu sterk eða veik, þar sem þau eru ekki íslensk heldur ensk aðkomuorð. Sum þeirra er enn verið að aðlaga að málinu og sum þeirra hafa ekki verið aðlöguð að íslensku. Það er samt sem áður hægt að skoða fleirtöluendingarnar sem börnin notuðu í fleirtölumyndun sinni og athuga þær með tilliti til íslenskra beygingarflokka. Eins og kom fram í kafla 5.2 þá var kyn orðsins hvorki gefið upp í könnuninni sem gerð var fyrir ritgerðina né í öndvegisverkefninu sem skoðað var til samanburðar.

Í könnun minni voru ensku tökuorðin höfð í karlkyni í flestum tilvikum þar sem um íslenska fleirtöluendingu var að ræða. Öll orðin sem notuð voru í karlkyni með íslenskri fleirtöluendingu fengu endinguna *-ar*. Eins og fram kom í köflum 3.1 og 3.2 þar sem fjallað var um íslenska fleirtölumyndun þá fá einmitt algengustu beygingarflokkarnir í karlkyni bæði í sterkri og veikri beygingu endinguna *-ar* (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 222). Það kemur því ekki á óvart að fleirtöluendingin *-ar* hafi orðið fyrir valinu hjá börnunum þegar þau höfðu orðin í karlkyni. Minna var um það að ensku tökuorðin væru höfð í kvenkyni en eina endingin sem kom þar fyrir var endingin *-ur*, sem kemur fyrir í þriðja flokknum í sterkri beygingu og öðrum flokknum í veikri beygingu en sá flokkur er einmitt algengasti beygingarflokkur veikra kvenkynsorða og fleirtölumyndir veikra kvenkynsorða sem falla í þennan flokk eru fyrirsegjanlegar út frá orðinu í nf.et. (Sigríður Sigurjónsdóttir, 1986, bls. 8). Síðan var eitt orð sem flokka mætti til hvorugkynsorða en það er orðið *avocado*. Eins og nefnt var í kafla 5.3 þá notuðu mörg börn töluorð með fleirtölumynd orðsins og sögðu *tvö avocado*. Þarna er töluorðið í hvorugkyni og það gefur til kynna að orðið sé í hvorugkyni. Sterk hvorugkynsorð falla öll í einn og sama beygingarflokkinn í íslensku. Þau eru endingarlaus og oftast samhljóða eintölunni, rétt eins og orðið *avocado* í þessu tilviki (Guðrún Kvaran, 2005, bls. 222). Það er því hægt að gera

ráð fyrir að orðið *avocado* sé hvorugkynsorð með sterka beygingu í máli þessara barna. Út frá þessu er hægt að álykta að börnin noti algengustu fleirtöluendingarnar í íslensku þegar þau mynda fleirtölu af þessum ensku aðkomuorðum með íslenskum endingum, og kemur það ekki á óvart. Eins og fjallað var um í 2. kafla varðandi máltökuskeið barna þá alhæfa þau gjarnan algengustu og virkustu reglur móðurmálsins á máltökuskeiði og það skýrir það að börnin nota algengustu fleirtöluendingarnar á ensku tökuorðin sem hér voru prófuð.

6. Lokaorð

Þrátt fyrir að könnunin sem gerð var fyrir þessa ritgerð væri ekki gallalaus, þar sem þó nokkur hluti barnanna átti það til að endurtaka eintölu mynd ensku tökuorðanna í fleirtölunni, þá er samt sem áður hægt að álykta um fleirtölu myndun íslenskra barna af enskum aðkomuorðum út frá könnuninni. Í mörgum tilfellum þá voru niðurstöðurnar sambærilegar við samanburðarrannsóknina sem hér var einnig fjallað um, fleirtölurannsóknina sem unnin var innan öndvegisverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* sem Sigríður Sigrjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson stýrðu.

Markmið þessarar ritgerðar var að skoða hvort íslensk 5;6– 6:5 ára börn skeyti íslenskum eða enskum fleirtöluendingum á fleirtölu myndir enskra tökuorða og hvort áhrif frá ensku komi fram við fleirtölu myndun þessara orða. Þar sem öll próforðin eru tekin úr ensku er áhugavert að vita hvort börnin skeyti enskri fleirtöluendingu við þau, líklega *-s* þar sem sú fleirtöluending er langalgengust í ensku, eða hvort þau noti íslenska fleirtöluendingu. Ef svo er, er áhugavert að skoða hvort þau noti fleirtöluendingar beygingarflokka sem eru mjög algengir í íslensku. Niðurstöður beggja rannsóknanna sem fjallað var um í þessari ritgerð benda til að mikill meirihluti 5 – 6 ára íslenskra barna myndi fleirtölu af enskum tökuorðum með því að skeyta við þau íslenskum fleirtöluendingum. Þannig var sú fleirtölu myndun miklu algengari en það að börnin mynduðu fleirtölu með ensku fleirtöluendingunni *-s*. Þegar litið er á kynjaskiptingu út frá könnuninni sem gerð var fyrir ritgerðina og fleirtöluprófi innan öndvegisverkefnis Sigríðar og Eiríks þá eru niðurstöður öfugar eins og sást í töflu 3 og töflu 4. Strákar mynduðu frekar fleirtölu með íslensku fleirtöluendingum í könnun ritgerðarinnar en í fleirtöluprófi öndvegisverkefnisins þá mynduðu stelpur frekar fleirtölu með íslenskum fleirtöluendingum. En þar sem að svo fáir þátttakendur voru skoðaðir þá er ekki hægt að tala um að kynjamunur sé marktækur.

Hægt er að sjá á niðurstöðunum að börn virðast alhæfa algengustu reglur málsins og það sjáum við með því að skoða hvaða beygingarflokka þau notuðu við íslenska fleirtölumyndun. Reglulegustu og algengustu beygingarflokkarnir voru notaðir við fleirtölumyndun. Í karlkyni hafa algengustu beygingarflokkar í bæði veikri og sterki beygingu *-ar* endingu eins og algengast var í svörum barnanna úr niðurstöðum könnunarinnar og fleirtöluprófi öndvegisverkefnisins. Þegar orð voru í kvenkyni þá fékk það reglulega og algenga endingu, þ.e. *-ur*. Sú ending kemur fyrir í þriðja beygingarflokk veikra kvenkynsorða og er hann einmitt algengasti flokkur veikra kvenkynsnafnorða. Eitt orð var í hvorugkyni og fékk það sterka hvorugkynsbeygingu, þar sem öll sterk hvorugkynsnafnorð falla í einn og hinn sama beygingarflokk.

Út frá þeim niðurstöðum rannsóknarverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* sem fjallað var um í 4. kafla í tengslum við snjalltækjanotkun ungra íslenskra barna í dag og viðhorf þeirra til ensku má ætla að sum íslensk börn á aldrinum 5 – 6 ára fái mikið stafrænt enskt ílag. Því kemur það í raun á óvart að niðurstöðurnar sem hér hafa verið raktar, bæði úr fleirtöluönnuninni sem gerð var fyrir ritgerðina og innan öndvegisverkefnis Sigríðar og Eiríks, benda til að íslenskar beygingarreglur séu íslenskum börnum mjög tamar þar sem langflest þeirra skeyta íslenskum fleirtöluendingum á ensku aðkomuorðin sem prófuð voru. Stafrænt enskt máláreiti virðist því ekki hafa mikil áhrif á fleirtölumyndun íslenskra barna á þessum aldri af enskum tökuorðum enn sem komið er, því fá dæmi voru um að börnin skeyttu ensku fleirtöluendingunni *-s* við orðin í báðum rannsóknum. Þetta verða að teljast ánægjulegar niðurstöður fyrir íslenska tungu, þar sem þær sýna að þrátt fyrir ríkjandi stöðu alþjóðamálsins ensku í tæknivæddum heimi nútímans aðlaga alla vega flest þeirra 40 5 – 6 ára barna, sem hér voru prófuð eða skoðuð gögn frá, ensku aðkomuorðin að íslensku og nota þær reglur um fleirtölumyndun sem þau hafa tileinkað sér í sínu eigin móðurmáli á orðin.

Heimildarskrá

Ásta Svavarsdóttir og Veturliði Óskarsson. (2009). Annarleg sprek á ókunnugri strönd: Tökuorð í íslensku fyrr og nú. *Orð og tunga*, (11), 17 – 44.

Berko, Jean. (1958). The Child's Learning of English Morphology. *Word*, 14(2–3), 150 – 177.
doi: 10.1080/00437956.1958.11659661

Chomsky, Noam. (1966). *Cartesian Linguistics: A Chapter in the History of Rationalist Thought*. New York og London: Harper & Row.

Comrie, Bernard. (1999). Grammatical gender systems: A linguist's Assessment. *Journal of Psycholinguistic Research*, 28(5), 457 – 466.

Dagbjört Guðmundsdóttir. (2018). *Aldursbundin þróun stafræns ílags í málsambýli íslensku og ensku: Kortlagning á umfangi eðli og áhrifsbreytum* (meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/29954>

Eiríkur Rögnvaldsson. (2016). Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málþróunar. *Skírnir*, 190(vor), 17–31.

Guðrún Kvaran. (2005). *Íslensk tunga II: Orð*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Höskuldur Práinsson. (2006). *Handbók um málfræði*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Indriði Gíslason, Sigurður Konráðsson og Benedikt Jóhannesson. (1986). *Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

Jing, L., Tindall, E. og Nisbet, D. (2006). Chinese learners and English plural forms. *The Linguistics Journal*, 1(3), 127 – 147.

O'Grady, William. (2005). *How children learn language*. New York: Cambridge University Press.

Ólöf Björk Sigurðardóttir. (2020). *Tungumál og tæknivædd börn: Viðhorf barna til íslensku og ensku og tengsl þeirra við skjá- og netnotkun* (meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/35319>

Sigríður Sigurjónsdóttir. (1986). *Beyging í máli íslenskra barna: Drög að beygingarprófi eftir Höskuld Þráinsson og Sigríði Magnúsdóttur lögð fyrir 31 barn á aldrinum þriggja til átta ára*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.

Sigríður Sigurjónsdóttir. (2008). Hvernig viltu dúkku? Tilbrigði í máltöku barna. *Ritið*, 8(3), 35–51.

Sigríður Sigurjónsdóttir. (2013). Máltaka barna og meðfæddur málhæfileiki. Í Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton (ritstjórar), *Chomsky: Mál, sál og samfélag* (bls. 107–127). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigríður Sigurjónsdóttir. (2016). Snjalltækjavæðingin og máltaka íslenskra barna. *Hugrás – Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*. Sótt af <http://hugras.is/2016/08/snjalltaekjavaedingin-og-maltaka-islenskra-barna/>

Sigríður Sigurjónsdóttir. (2019). Ljáðu mér eyra. *Skírnir*, 193(vor), 47 – 67.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. (2018a). Gagnabanki úr öndvegisverkefninu *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*, sem styrkt var af Rannsóknasjóði 2016–2019. Óbirt gögn.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. (2018b). Íslenska á tölvuöld. Í Höskuldur Þráinsson og Hans Andrias Sølvará (ritstjórar), *Frændafundur 9* (bls. 47–56). Reykjavík: Hugvísindastofnun.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. (2018c). Stafrænt málsambýli íslensku og ensku. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/menntakvika_2018/05.pdf

Sigríður Sigurjónsdóttir, Iris Nowenstein, Thorbjörg Thorvaldsdóttir, and Dagbjört Guðmundsdóttir. (2020). Í Megan M. Brown og Alexandra Kohut (ritstjórar) *Proceedings of the 44th Boston University Conference on Language Development*, (bls. 606–619). Somerville, MA: Cascadilla Press.